

Lög Meistarafélags byggingariðnaðarmanna í Vestmannaeyjum

1. gr.

Félagið heitir Meistarafélag byggingariðnaðarmanna í Vestmannaeyjum. Félagið starfar sem starfsgreinahópur í Meistaradeild Samtaka iðnaðarins.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að vinna að hagsmunamálum félagsmanna sinna, þ.á.m. hvetja til nýliðunar og endurmenntunar í viðkomandi starfsgreinum.

3. gr.

Aðild að félaginu geta átt allir þeir sem hafa meistararéttindi í iðn sem fellur undir mannvirkjagerð sem og fyrirtæki með aðila á launaskrá sem hafa slík réttindi. Einnig er þeim fyrirtækjum í mannvirkjagerð, þar sem ekki er krafist iðnmeistararéttinda, heimilt að gerast aðilar að félaginu sem og einstaklingum sem reka slík fyrirtæki.

Samhliða inngöngu í félagið gerist nýr félagsmaður aðili að Samtökum iðnaðarins (SI) og Samtökum atvinnulífsins (SA). Þar með skuldbindur hann sig til að lúta þeim reglum og skyldum sem fylgja aðild að þessum samtökum.

4. gr.

Starfstímabil félagsins er almanaksárið.

5. gr.

Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. september ár hvert og skal boða til hans og annarra félagsfunda með tölvupósti eða á annan sannanlegan hátt með minnst viku fyrirvara. Fundur er löglegur, sé rétt til hans boðað. Einfaldur meirihluti mættra félagsmanna hefur ákvörðunarvald á félagsfundum.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirfarandi mál:

1. Kjör fundarstjóra og fundarritara.
2. Skýrsla stjórnar lögð fram.
3. Reikningar lagðir fram til samþykktar.
4. Lagabreytingar.
5. Ákvörðun félagsgjalds.
6. Kosning stjórnar.
7. Önnur mál.

6. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð tveimur til fimm félagsmönnum, formanni, varaformanni og allt að þremur meðstjórnendum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Einnig er heimilt að kjósa allt að 5 varamenn. Stjórnin skiptir með sér verkum. Stjórn félagsins fer með málefni félagsins milli aðalfunda og formaður og varaformaður skulu vera tengiliðir félagsmanna við SI.

Formaður eða varaformaður, í forföllum formanns, boðar til félagsfunda svo oft sem þurfa þykir.

7. gr.

Ákvörðun um félagsgjald skal tekin á aðalfundi. Félagsgjöld, ef einhver eru, skulu innheimt á tveggja mánaða fresti.

Rekstrarafgangi/hagnaði af starfsemi félagsins skal varið í samræmi við tilgang félagsins.

8. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal tekin á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og skulu eignir þess renna til þeirrar stofnunar eða stofnana sem að dómi fundarins er skyldust starfsemi félagsins og líklegust til að koma félagsmönnum að mestum notum.

9. gr.

Breytingar á lögum þessum má aðeins gera á lögsmætum félagsfundum enda hafi þess verið getið í fundarboði að lagabreyting yrði til meðferðar á fundinum og breytingarnar kynntar með fundarboði.

Samþykkt á aðalfundi Meistarafélags byggingariðnaðarmanna í Vestmannaeyjum þann 25. september 2017.

Lög þessi öðlast þegar gildi og samhliða falla úr gildi lög félagsins dags. 14. febrúar 1972.